



Spilar barnið þitt **fjárhættuspil?**

Fræðslubæklingur

sáá

Ungt fólk og fjárhættuspil

Leikir og spil hafa verið skemmtilegur og mikilvægur hluti af menningu okkar frá örófi alda. Í dag telst það eðlilegt og félagslega samþykkt að spila fjárhættuspil. Flestir Íslendingar hafa spilað einhvers konar fjárhættuspil, keypt lottómiða eða veðjað á uppáhaldsíþróttaliðið sitt.

Ungmenni yngri en 18 ára mega lögum samkvæmt ekki stunda fjárhættuspil.

Ungmenni yngri en 18 ára mega lögum samkvæmt ekki stunda fjárhættuspil. Það er meðal annars vegna þess að fjárhættuspilum fylgir hættu á skaðlegri hegðun og fíkn. Því fyrr sem ungmenni byrja að spila, þeim mun meiri hættu er á að þau þrói með sér spilavanda síðar á ævinni. Samt sem áður stunda mörg ungmenni fjárhættuspil. Að þessu leyti eru fjárhættuspil í eðli sínu lík áfengi og tóbaki.

Meirihluti þessara fjölmörgu nýju spillara eru ungir karlmenn sem sækja einkum í hröð og spennandi spil eins og póker og íþróttaveðmál. Þessu fylgja ýmsar hættur. Spilamennskan getur þróast í spilafíkn og slík fíkn getur haft veigamiklar félagslegar og efnahagslegar afleiðingar.

Spilafíkn tengist oftast spilum þar sem peningar eru lagðir undir og markmiðið er að vinna meira eða vinna aftur það sem hefur tapast. Það er þó margt líkt með fíkn í fjárhættuspil og fíkn í spil og leiki þar sem markmiðið er ekki fjárhagslegur ávinningur heldur aðeins afþreying. Foreldrar barna og ungmenna sem spila mjög mikið geta því einnig notið góðs af þeim upplýsingum sem finna má hér.

Hvers vegna hefur algengi fjárhættuspila aukist hjá ungmenum?

Á síðasta áratug hafa orðið miklar breytingar á eðli og umfangi fjárhættuspila. Ein veigamesta ástæða þess er útbreiðsla internetsins sem opnaði aðgengi að gríðarmiklu framboði hraðvirkra og spennandi leikja. Svo er internetið opið allan sólarhringinn.

Þessum breytingum hafa fylgt nýjar freistingar, ný áhyggjuefni og margs konar gildrur og hér getur þú sem foreldri gegnt lykilhlutverki.



Spilar barnið þitt of mikið?

Hverju ættu foreldrar að veita sérstaka athygli? Hér eru nokkur dæmi um atriði sem geta bent til spilafíknar. Ef þú ert í vafa getur barnið þitt tekið próf í spilafíkn á heimasíðu **SÁÁ**, **saa.is**, og þú getur líka haft samband við okkur í síma **530 7600** til að fá nánari upplýsingar.

Eyðir barnið miklum tíma í að veðja og tala um fjárhættuspilamennskuna? Á barnið þitt erfitt með að slíta sig frá veðmálum og verður pirrað ef það er truflað við spilamennskuna? Hefur barnið misst áhugann á öðrum tómstundum eða athöfnum? Sefur barnið of lítið eða mjög órólega og á erfitt með einbeitingu? Skrópar barnið oft í skóla eða valda fjárhættuspil truflunum á skólagöngu, vinnu o.þ.h.? Einangrar barnið sig og vill aðeins vera með „spilafélögunum“? Reynir barnið að leynd því hversu mikið það spilar og býr til afsakanir eða lýgur til að geta spilað meira? Fær barnið lánaða peninga til að geta spilað eða „útvegar sér“ peninga með einhvers konar fjárglæfrahegðun?



Hvaða afleiðingar hefur spilafíkn?

Einstaklingur með spilafíkn er að fást við alvarlegar afleiðingar vegna fíknarinnar sem geta haft varanleg áhrif á líf og framtíð unga fólksins. Oft eiga einstaklingar með spilafíkn í erfiðleikum með einbeitingu og svefn og gengur illa að sinna skóla og vinnu. Einstaklingar með spilafíkn hætta stundum í frístundum o.p.h. og daglegt líf fer smám saman að byggjast á lygum og afsökunum. Þeir upplifa einangrun og einmanaleika og ekki síst lágt sjálfsmat. Þetta getur oft endað með því að einstaklingur með spilafíkn steypir sér í skuldir eða leiðist út í glæpi.

Gríptu inn í sem foreldri – taktu skýra afstöðu til fjárhættuspila!

Sem foreldri þarft þú að ákveða hvort þú viljir fylgja aldurstakmörkum fyrir spil og leiki. Mikilvægast er þó að taka skýra afstöðu varðandi fjárhættuspil og ræða þá afstöðu við barnið þitt. Kannski getið þið sett sameiginlegar reglur um fjárhættuspil á heimilinu?



5 mikilvægar reglur

- 1 Taktu skýra afstöðu varðandi fjárhættuspil og gerðu barninu ljóst hver sú afstaða er
- 2 Ræddu opinskátt um fjárhættuspil og spilafíkn
- 3 Sýndu áhuga á því hvaða leiki barnið er að spila. Settu skýr mörk um notkun peninga í leikjum og veðmálum
- 4 Fylgstu með hegðun og fjárhag barnsins þíns
- 5 Leitaðu aðstoðar ef þú hefur áhyggjur eða grun um spilavanda



”

Ég var ekki ein í þessu og það skipti sköpum fyrir mig.

Öll samtölin sem ég átti við fólkið hjá SÁÁ og aðra í fjölskyldunni og vinahópnum hjálpuðu mér að finnast ég ekki ein í baráttunni við vandamál sonar míns. Ég fékk góð og hagnýtt ráð sem skiptu sköpum. Nú fær sonur minn aðstoð og við höfum endurheimt fjölskyldulífið.

– Móðir ungs leikjaspilara.

Það sem þú getur gert

Ef barnið þitt hefur komið sér upp slæmum spilavenjum er mikilvægt að þú takir opið og einlægt samtal um það við barnið.

Við sem foreldrar eigum að bregðast við þegar börnin okkar lenda í vanda. Það er hluti af ábyrgðarhlutverki okkar sem uppalendur. Um leið er mikilvægt að barnið þitt finni að þú hefur áhuga á því sem það er að hugsa og gera. Það er gott að hugleiða eigin afstöðu og hugmyndir vandlega til að geta sent barninu skýr skilaboð.

Hjálpaðu barninu þínu að spila með sýnilegum hætti, spjallaðu um leikina sem það er að spila og skrifaðu niður, t.d. tímann og peningana sem er eytt í að spila. Settu þig inn í aðstæður barnsins, hlustaðu, lærðu af reynslunni og eigðu uppbyggileg samtöl. Settu viðmiðunarreglur um það hve miklum tíma og hugsanlega hve miklum peningum ykkur finnst eðlilegt að eyða í að spila.

Kynntu þér með hvaða hætti barnið þitt fékk aðgang að leiknum. Til að geta spilað á netinu þarf yfirleitt að gefa upp greiðslukortanúmer. Einnig getur barnið hafa fengið einhvers konar bónus tengdan auglýsingu. Sum ungmenni geta auðveldlega nálgast auðkenni og greiðsluupplýsingar foreldra eða eldri systkina. Það er mikilvægt að barnið hafi ekki aðgang að slíkum upplýsingum.

Gefðu barninu tækifæri til að hætta og settu skýr mörk. Þú getur hjálpað barninu þínu, t.d. með því að færa tölvuna á annan stað á heimilinu eða setja upp aðgangssíur sem hindra aðgengi að fjárhættuspilasíðum, t.d. síðum eins og gamban.com og gamstop.co.uk.

Búðu til fleiri samverustundir með barninu þínu þar sem þú hjálpar því að fá aftur áhuga á öðru en að spila. Ræddu við aðra foreldra, og hugsanlega skólann líka, um vandamálið.

Til að vinna bug á flkninni þarf spilarinn sjálfur að sýna frumkvæði. Ef það gengur erfiðlega að ná stjórn á spilahegðuninni getur verið góð hugmynd að leita aðstoðar hjá SÁÁ.



Þið eruð ekki ein á báti

Reglulega hafa áhyggjufullir foreldrar samband við SÁÁ til að fá ráð og leiðbeiningar vegna spilavanda og þessi vandi vex jafnt og þétt.

Þú hefur kannski þegar fengið svör við spurningum þínum og góð ráð um hvernig þú átt að taka á spilavanda barnsins þíns. Það getur samt verið erfitt að standa vaktina og halda sínu striki. Það getur líka verið krefjandi þegar daglegt líf á heimilinu einkennist af áhyggjum, leynimakki og vantrausti. Hefur þú sem foreldri þörf fyrir skilning og stuðning og þarft að geta talað opinskátt um vandann?

Hvað getum við gert fyrir aðstandendur?

Við getum boðið aðstandendum upp á viðtöl. Það er engin krafa gerð um að ungmennið með spilavandann sæki meðferð hjá SÁÁ. Þú getur bókað viðtal á **saa.is** eða hringt í síma **530 7600**.



Meðferð við spilavanda

Alla fimmtudaga bjóðum við upp á göngudeildarmeðferð við spilavanda frá kl. 16–18 í Efstaleiti 7.

Það er engin skuldbinding, engin skráning og meðferðin er ykkur að kostnaðarlausu.



Spilar barnið þitt
fjárhættuspil?

Fræðslubæklingur